

Aðalfundur Prentsöguseturs 8. apríl 2025

Skýrsla stjórnar

Ágætu félagar.

Síðasti aðalfundur Prentsöguseturs var haldinn 7. mars 2024

Á honum kom Lilja Rut Benediktsdóttir inn sem varamaður í stjórn fyrir Hjört Guðnason.

Á fyrsta félagsfundi eftir aðalfund var ákveðið að skipan stjórnar yrði óbreytt, Ævar Rafn Kjartansson varaformaður, Tryggvi Þór Agnarsson gjaldkeri og Katrín Jónsdóttir ritari, Díana Sigurfinnsdóttir meðstjórnandi, Ágúst Guðjónsson og Lilja Rut Benediktsdóttir varamenn.

Eins og kom fram á síðasta aðalfundi vorum við búin að ákveða að breyta hönnun sýningarinnar í Skálholti og fá til þess annan hönnuð ásamt textagerðar og hugmyndasmið. Við gerðum kostnaðaráætlun með það í huga að ráða til þessa verks fólk af hönnunarstofu og gerðum okkur grein fyrir því að það yrði mjög kostnaðarsamt. En það fyrsta sem stóð í okkur ef við færum þá leið var hvernig við kæmum verkefninu, innihaldi þess og væntingum okkar almennilega til skila á þá sem kæmu til greina til verkefnisins. Rannsóknarvinna sem þyrfti að fara fram hjá viðkomandi áður en sýning yrði hönnuð færi eflaust langt með að tæma sjóði Prentsöguseturs.

En fljótlega koma hugmynd frá Kötum um að hún tæki að sér hönnunina og við fengjum Málfríði Finnbogadóttur til liðs við okkur. Málfríður þekkir vel til prentsögunnar og skrifaði lokaritgerð í námi sýnu í menningarstjórnun um prentminjar á Hólum árið 2008. Hún og Svanur höfðu rekist á hvort annað með einhverju millibili vegna sameiginlegs háuga þeirra á prentsögunni töluvert áður en Prentsögusetur varð til. Hún hefur líka tekið þátt í umræðum um prentsöguminjar með Katrínu, Þóru Elfu og Þórleifi. Og hjálpaði okkur með bóka val og rextagerð þegar gamla prentsmiðjan var sett á laggirnar.

Kata er virkilega flottur hönnuður og er það mitt mat að hennar reynsla, nám og að hafa verið viðriðin Prentsögusetur í öll þessi ár hafi verið forleikur að því að hún tæki þetta verkefni að sér.

Að fá þær Kötum og Málfríði í þetta verkefni var hárrétt ákvörðun að okkar mati og það hefur sýnt sig að þær vinna mjög vel saman og eru að þróa sýninguna jafnt og þétt í rétta átt.

Þær koma til með að setja ykkur inn í sýna vinnu hér á eftir.

Við hittum Kristján Björnsson og Herdísi Friðriksdóttur í Skálholti um miðjan janúar síðastliðinn í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim hvert við stefndum með sýninguna og tóku þau vel í þá kynningu. Jafnframt að sjá hversu vel hefði miðað með bókasafnið og það er skemmst frá því að segja að bókasafnið er tilbúið fyrir bækurnar og anddyrið tilbúið, komin salerni, hurðar og gólfefni.

Á okkar svæði hafði ekki gerst mikið frá því síðasta sumar en við báðum um að gengið yrði frá nýjum frárennislögnum í lofti og niður með einu horninu á okkar svæði svo við gætum hafið vinnu við loft og lýsingu. Í síðustu viku fengum við að vita það að þetta væri frá gengið og hurð og gluggi komin í vegginn sem snýr út að bílplaninu í miðrýminu. Og má því segja að okkar svæði sé loks tilbúið fyrir áframhaldandi vinnu, setja upp loft, lýsingu, mála og ganga frá gólfinu.

Það er ekki auðvelt að fjármagna svona verkefni en sem stendur eru fjórar styrk umsóknir úti, hjá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Kaupfélagi Skagfirðinga og Landsvirkjun.

Svo eru fleiri umsóknir í farvatninu sem fara frá okkur núna með vorinu.

Við tókum þá ákvörðun í vetur að reyna að vinna sem mesta vinnu sjálf og þurfa ekki að kaupa mikið af utanaðkomandi vinnu. Það gerir það að verkum að við komumst lengra með verkefnið fyrir það fé sem við höfum handbært í dag.

Við erum vel mönnuð hvað þetta varðar og höfum aðgengi að góðu fólki.

Við höfum sett stefnuna á að opna sýninguna 7. nóvember í ár á árdegi Jóns Arasonar biskups, en ef ekki fæst nóg fé í kassann þá er plan b að opna á Skálholtsdögum sumarið 2026.

Eins og þið vitið þá vorum við að geyma alla okkar safnmuni í gámum hjá Stólpa gámum en fengum bréf frá þeim fyrir stuttu þar sem þeir boða breytingar á verðskrá og reglum sem lúta að því að það má bara vera með gáma í þeirra eigu á svæðinu. Þetta gerir það að verkum að kostnaður við að geyma gámana hjá þeim fer í ca. 150.000 á mánuði. Við sáum að við þetta gætum við ekki unað og yrðum að finna lausn á þessu og það varð úr að fá dugnaðarforkana Þorstein Veturliða og Ágúst Guðjónsson til að fara í málið. Þorsteinn fann svo pláss fyrir gámana á Selfossi á svæði bæjarins og þar greiðum við ekki nema brot af þessum kostnaði.

Við skiluðum einum 20 feta gámi og seldum annan í sömu stærð og keyptum af þeim einn 40 feta gám, Þorsteinn og Ágúst fluttu alla gripa úr minni gámunum í þann stóra og eru þrír 40 feta gámar komnir á Selfoss og að þeim gott aðgengi.

Þorsteinn Veturliða fékk fund með Hörpu og Ágústu hjá Þjóðminjasafninu og fórum við Ágúst með honum á þann fund. Þetta var í framhaldi af þessu gámaveseni og mjög svo hækkuðum kostnaði við geymslu þeirra.

Það varð ljóst á fundinum að við gætum ekki komið safngripum í vörslu Þjóðminjasafns, en við lærðum mikið á þessum fundi og er það nokkuð ljóst að við eigum hellings vinnu fyrir höndum að skrá hvern einasta grip í gámunum eftir kúnstarinnar reglum. Það er í raun mikilvægasta verkefni okkar á næstunni fyrir utan að sjálfsögðu sýninguna í Skálholti.

Harpa og Ágústa reyndu eins og þær gátu að koma okkur í skilning um það hvað þetta væri mikið mál og flókið og sögðu jafnframt að það dygði ekki til að vera með áhugasaman hóp eins og okkar til að setja á stofn alvöru safn og lykilatriðið væri að vinna eins og safnafólk gerir, eftir þeim reglum og lögum sem um söfn gilda.

Annars verðum við ekki tekin alvarlega þegar á reynir í framtíðinni og við þurfum stuðning frá hvort sem er opinberum eða einkaaðilum til að gera eitthvað að viti við þessa safngripi.

Stjórn Prentsöguseturs hefur ekki tekið formlega ákvarðanir um þessa framtíð en þetta hefur þó verið rætt en ekki mikill fókus á þetta vegna vinnu við sýninguna í Skálholti.